

## Öll Norðurlöndin efna til listiðnaðar-sýningar í París á hausti komanda

Þeir, sem óska að taka þátt í sýningunni, eru beðnir að hafa samband við sýningarnefndina fyrir 4. júní.

**NORÐURLÖNDIN** fimm efna til listiðnaðarsýningar í París á hausti komanda. Verður sýningin opnuð í byrjun nóvember í hinum veglegu húsakynnum listasafns franska ríkisins, Louvre. Franska menntamálaráðuneytið bauð Norðurlöndunum að halda þessa sýningu. — Menntamálaráð Íslands fól féluginu íslensk listiðnaðar sýningu og sjá um framkvæmd af Íslands hálfu í sýningu þessari.

Sýningar- og dómnefnd félagsins íslensk listiðnaðar formaður þess, Lúdvíg Guðmundsson skólastjóri, ræddu við blaða menn í gær um þátttöku í listiðnaðarsýningu þessari. Í nefndinni eiga sæti: Björn Th. Björnsson listfræðingur, formaður, frú Valgerður Briem Pálsson teiknikennari, Jóhannes Jóhannesson gullsmiður, Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt og Sveinn Kjarval húsgagnaarkitekt.

## Kaupfélag Ís-firðinga opnar kjörbúð

Það er fyrsta kjörbúðin á Vestfjörðum.

Fregn til Alþýðublaðsins, Ísafirði.

**KAUPFÉLAG** Ísafjarðar bauð í gær fréttamönnum og fleiri gestum að skoða nýja kjörbúð, sem hefur verið innréttað í húsi félagsins við Austurveg 2 hér í bæ. Þetta er fyrsta kjörbúðin, sem komið er á fót á Vestfjörðum.

Þarna eru á boðstólum allar nýlenduvörur, mat- og kjötvörur og eru í búðinni vönduð kæliforð og kæligeymsla. Búðin var opnuð á laugardaginn og kom margt fólk á fyrsta degi til þess að skoða hina vistlegu búð og verzla í henni. — Birgir.

## Tvö smáslys í gær.

**TVÖ** minniháttar slys urðu í gær. Litill drengur varð fyrir bít vestur á Hringbraut, en slapp lítið meiddur. Þá féll maður af vinnupalli við hús nokkurt við Sölhólgötu. Ekki voru meðsli hans mikil.

## Listamannaklúbbur

Í KVÖLD er Listamannaklúbburinn opinn á baðstofu Naustsins. Sökum forfalla Tómasar skálds Guðmundssonar á miðvikudaginn var mun hann nú segja frá Tokyo-ferð sinni, og er stjórnun Rithöfundasambands Íslands og Íslandsdeildar PEN boðið á fundinn. Umræður hefjast kl. 9 stundvíslega.

## ULLARVINNA OG PRJÓNLES.

Gert er ráð fyrir, að kjarni sýningardeildar hvers þátttöku lands veði sú listiðnaðargrein, sem sérstæðust er fyrir land og þjóð. Uppistaða íslensku sýningardeildarinnar mun því væntanlega verða hvers konar listræn ullarvinna og prjónles. Þá mun og verða lögð áherzla á silfur og gullsmíði. Auk þessa er vænt þess, að á sýningunni verði munir úr sem flestum öðrum greinum íslenskra listiðnaðar. Heiðursætið í íslensku deildinni mun væntanlega skipa hinn listræni vefnaður Júlíönu Sveinsdóttur listmálara, sem er aldursforseti íslenskra listvefnaðarkvenna og kunn og viðurkennd hér heima, á Norðurlöndum og víðar sem hin mesta listiðnaðarkona. Af hálfu allra norrænu landanna mun mikil áherzla verða lögð á að vanda af fremsta megni til sýningar þess arar, auk þess sem franska ríkisstjórnin mun allt gera til þess að sýningin verði hin glæsilegasta kynning á þjóðum þeim, er þátt taka í henni, og menningu þeirra.

## ÍSLENSK LISTIÐNAÐAR.

Félagið íslensk listiðnaðar var stofnað á öndverðu ári 1955 af nokkrum áhugamönnum um listiðnaðarmál. Hlutverk félagsins er tvíþætt, menningarlegt og viðskiptalegt. Með sýningum á innlendum og erlendum listiðnaði og á annan hátt vill félagið leitast við að efla áhuga og auka skilning almennings á gildi listræns iðnaðar. Með því að kunna vandaðan íslenskan

Framhald á 2. síðu.

## Tónleikar á vegum Tónlistarfélagsins.

### STRENGJAKVARTETT

Björns Ólafssonar, ásamt Agli Jónssyni klarinettleikara, halda tónleika fyrir styrktarfélag Tónlistarfélagsins í kvöld og á föstudagskvöld kl. 7 í Austurbæjarbíói.

Í kvartettinum eru auk Björns Ólafssonar þeir, Jón Sen Jósef Felzmann og Einar Vigfússon. Á efnisskránni eru 2 kvartettar eftir Beethoven, op. 18, nr. 2 og op. 59, nr. 1. Auk þess verður leikinn klarinettkvintett eftir Mozart.


Framhald á 9. síðu.

## „Breiðfylking kvenlegrar ábyrgðartilfinningar“

Algier, 20. maí. (NTB).

**FRÚ MASSU**, eiginkona fallhlífaveita-hershöfðingjans, — sem er formaður „öryggisnefndarinnar“ í Algier, hefur átt frumkvæðið að myndun kvenna hreyfingar, sem bráðlega hyggst láta til sín taka á sviði stjórnmálanna í Algier.

Frú Massu hefur sig í frammi fyrir hreyfingu, sem hún kallar „Breiðfylking kvenlegrar ábyrgðartilfinningar“. — Hlutverk þessarar hreyfingar á að vera að styðja þá stjórnmálaþróun, sem nú á sér stað í Algier. Geli, sjóliðsforingi, yfirmaður franska flotans við strendur Algier, hefur hvatt sína men til þess að fylkja sér saman um Salan, hershöfðingja. Soustelle, fyrrum landsstjóri í Algier, kom þangað á laugardaginn eftir að hafa sloppið frá borgaraklæddum lögregluþjónum, sem höfðu auga með honum í París.



Hinn ný sendiherra Japans á Íslandi, Herri Suigenobu Shima, afhenti í dag forseta Íslands trúnaðarbréf sitt við hátíðlega athöfn á Bessastöðum, að viðstöddum utanríkisráðherra. Að athöfninni lokinni snæddu sendiherrahjónin og utanríkisráðherra og frú hans hádegisverð í boði forsetahjónanna, ásamt nokkrum öðrum gestum. — Á myndinni sést sendiherrann afhenta forseta Íslands trúnaðarbréfið — Guðmundur Í. Guðmundsson utanríkisráðherra er einnig á myndinni.

## Stórvandræði norðan lands vegna óvenjulegra harðinda og hagleysis

Sauðburður stendur sem hæst, en allt fé á húsi og fullri gjöf.

Fregn til Alþýðublaðsins

HÚSAVÍK í gær.

**ÓVENJULEG** og langvarandi vorharðindi, fannalög og hagleysi valda stórvandræðum í sveitum hér á Norðurlandi. Sauðburður stendur sem hæst, en allt fé er enn á húsi og fullri gjöf.

Þó að hér um slóðir sé vetrarsnjór nokkuð tekinn upp, er enginn nýgræðingur farinn að koma. Þá er einnig svo kalt, að ekki er hægt að hafa lambærúti um nætur. Fyrir þær sakir eru nú mikil þrengsli í húsum. Er hætt við miklum lambadauðum og óhjákvæmilega kostar hirðing lambfjár á húsi óhemjumikla vinnu og aðgætni. Stafa aðalvandræðin af þessu, því að bændur eru yfirleitt vel birgðir með hey. Í dag er fjúk og frost á hverri nóttu. — EMJ.

### FARIÐ AÐ BEITA HROSSUM.

Ólafsfirði í gær. — Enn er vetrarhjárníð óleyst að miklu leyti af láglandi hér um slóðir, og naumast þarf að taka það fram, að allt sauðfé er enn á húsi. Hins vegar er fyrir löngu búið að sleppa hrossum! Sauðburður stendur sem hæst og er þar að auki komið svo, að heybirgðir eru á þrotum, einkum hjá þeim, sem fé eiga, en eru annars búlausir. — M.

### HARÐINDI Í HÚNAÞINGI.

Hnausum í gær. — Alautt er orðið fyrir löngu hér í Húnaþingi, en miklir kuldar og hvergi búið að sleppa fé. Eru

vorkuldar óvenjumiklir og gróður sama og enginn. Þó er að byrja að næla. Fannlög munu enn vera nokkur fram til dala. — LS.

### Jóels-mótið:

## Gunnar Huseby kastaði 15,95.

**HELZTU** úrslit á Jóelsmótiinu, sem fram fór á Íþróttavellinum í gærkvöldi, urðu sem hér segir:

Langstökk: Vilhjálmur Einarsson 7,09 m.

Stangarstökk: Valbjörn Þorláksson 4,20 m.

Kúluvarp: Gunnar Huseby 15,95 m.

Kringlukast: Friðrik Guðmundsson 48,23 m.

Spjótkest: Björgvin Hólm 56,10 m.

100 m. hlaup: Hilmar Þorbjörnsson 10,7 sek.

300 m. hlaup: Sigurður Gíslason 38,0 sek.

3000 m. hlaup: Kristján Jóhannsson 9:01,8 mín.

110 m. grindahlaup: Pétur Rögnvaldsson 15,7 sek.

Nánar verður sagt frá mótiinu á íþróttasíðunni á morgun.

## „Grátsöngvarinn“



Leikfélag Reykjavíkur sýnir Grátsöngvarinn í 49. sinn og næst síðasta í kvöld. Hefur aðsókn verið mjög góð, — og nú eru, sem sagt, síðustu forvöð.



## Nauðsynlegt að veita meira til þjóðvega í Barðastrandarsýslu, en hingað til

### Frá aðalfundi sýslunefndar Barðastrandarsýslu.

ADALFUNDUR Sýslunefndar Vestur Barðastrandarsýslu var haldinn á Patreksfirði dagana 12. til 14. maí.

Mörg mál lágu fyrir fundinum, og skal hér getið nokkurra.

1. Samin var reglugerð um löggæzluá almennum samkomum í sýslunni. Er hér um nýmæli að ræða.

2. Sýslunefndin mælir eindregið með því, að Barðastrandarsýsla öll (Austur og Vestur sýslan) verði eitt dýrlæknisumdæmi, og hafi dýrlæknirinn aðsetur á Patreksfirði.

#### 12 MÍLNA LANDHELGI.

3. Sýslunefndin skorar á alþingi og ríkisstjórn að færa landhelgislinuna nú þegar út í 12 mílur frá grunnlínu. Jafnframt ályktar sýslunefndin, að landhelgisráðið sé ekki til lykta leitt fyrr en allt landgrunnið hefur verið friðað fyrir erlendum veiðiskipum.

4. Sýslunefndin átelur harðlega þá ráðstöfun ríkisskipa, sem átt hefur sér stað undanfarin ár, að taka Heklu úr strandferðasiglingum um hávertíðina. Telur nefndin nauðsynlegt, að öll skipin séu í strandferðasigling allt árið um kring. Hefur þetta ástand leitt til þess, að brýnustu útgerðarvörur hafa ekki fengist fluttar í tæka tíð. Myndi ástandið vera óþolandi, ef ekki nyti við strandferð einkaaðila.

Þá átelur sýslunefndin það misrétti, sem virðist vera á áætluðum strandferðum þessa árs, á milli landshluta. Bendir hún á í þessu sambandi, að samkvæmt áætlun útgerðarinnar fyrir 1953, eru ríkisskip áætluð á Tálknafjörð frá Reykjavík aðeins 15 einnum, á Patreksfirði og Bíldudal 37 sinnum, en á Breiðdalsvík og Djúpa vog 61 sinni.

#### MEIRI FRAMLÖG TIL VEGAGERÐAR.

5. Sýslunefndin skorar á háttvirt alþingi að veita mun ríflegri framlög til þjóðvega í Barðastrandarsýslu en verið hefur undanfarin ár. Sérstak-

lega skorar sýslunefndin á alþingi að veita mun ríflegri fjárhæð til Látlansvegjar en verið hefur, svo vegasamband komist á við Austursýslu á Vestur landsveg, án þess, að fara þurfi Þingmannaheiði. Bendir sýslunefndin á, að á síðasta ári var unnið á Hjarðarnesvegi fyrir fé sýsluvegasjóðs, fyrir rúmlega 60 þúsund kr. til að hraða vegalagningu fyrir Þingmannaheiði.

6. Sýslunefndin beinir þeim tilmælum til vegamálastjóra, að hann hlutist til um, að vegamálastjórnin greiði allan kostnað við það að halda opnum mjólkurleiðum í sýslunni.

#### HÆKKUD SJÚKRAHÚSGJÖLD.

7. Vegna reksturkostnaðar sjúkrahússins á Patreksfirði gerði sýslunefnd svohlj. ályktun.

„Vegna síhækkandi reksturkostnaðar sjúkrahúsa, og þar sem vitað er, að hann fer enn hækkandi á þessu ári, vegna efnahagsástandsins í landinu, álitur sýslunefnd, að eigi verði hjá því komist að hækka daggjöld sjúkrahússins og mælist eindregið til þess, að Tryggingastofnun ríkisins (Tryggingaráð) fallist á einhverja daggjaldahækkun.“

Áætlaður rekstrarhalli sjúkrahússins var áætlaður 165 þús. kr. og greiðir sýslusjóður hann.

8. Sýslunefndin ítrekaði ályktanir sínar frá 1957, varðandi seðlageymslu á Patreksfirði. Væntir hún þess, að Landsbankinn, Seðlabankinn, komi seðlageymslu upp á Patreksfirði hið bráðasta.

10. Sýslunefndin mótmælir, að atvinnuleysistryggingarsjóðsgjald skuli greitt af erlendum mönnum, sem vinna hér á landi vegna skorts á innlendu virnuafli.

Þá skorar sýslunefndin á félagsmálaráðuneytið að hlutast til um, að fé það, sem greitt er til atvinnuleysistryggingarsjóðs verði geymt og ávaxtað í lánastofnunum viðkomandi.

Framhald á 9. síðu.



Saul Schechman, hljómsveitarstjóri.

## Óperettan „Kysstu mig Kata“ frumsýnd í Þjóðleikhúsinu

Fjórir erlendir listamenn aðstoða við flutninginn

Fyrsta bandaríska óperettan sem sýnd er hér á landi

NÆSTA verkefni Þjóðleikhússins, óperettan Kysstu mig Kata, verður frumsýnt fimmtudaginn 29. þ. m. Er þetta fyrsta bandaríska óperettan, sem sýnd er hér á landi. Tónlistin og ljóð-

viðreist undanfarið, í vetur söng hún sama hlutverk og hér í Vín. Íðan hélt hún til Gaza og söng þar fyrir hermenn úr gæzluljóði SP, og nú síðast söng hún í sambandi við nýafstaðna kvikmyndahátíð. Hér fer hún til Brussel og tekur þar þátt í alþjóðaútvarpskonsert, sem fulltrúi Svíþjóðar.

Leikstjórnann vend Aage Larsen þarf vart að kynna, því hann hefur áður sett upp tvær óperur í Þjóðleikhúsinu Klátu ekkjuna og Sumar í Tyrol. — Hann hefur oft sett þessa óperettu upp og er Reykjavík 5. höfuðborgin, sem hann stjórnar Kysstu mig Kata í. Baldvin Halldórsson er aðstoðarleikstjóri.

Sólóballettdansari verður Daninn Svend Bunch. Hann hefur dansað mikið í heimalandi sínu, m. a. mikið í Tívoli, síðasta ár hefur hann verið sólódansari í París. Hann hefur samið nokkra af dönsunum, sem hér verða sýndir. Bryndís Schram dansar á móti honum.

Jón Sigurbjörnsson svingur aðalhlutverkið. Aðrir einsöngvarar eru Árni Jónsson, Sigríður Þorvaldsdóttir sem tekur við þessu hlutverki með mjög skömmum fyrirvara vegna forfalla annarrar söngkonu, Sig-




Svend Aage Larsen, leikstjóri.

in eru eftir Cole Porter. Óperettan er 12. og síðasta verkefni Þjóðleikhússins á þessu leikári. Það sem óperetta sem þessi hefur aldrei verið sýnd hér áður hafa verið fengnir hingað nokkrir erlendir listamenn, sem allir hafa mikla reynslu í þessu efni að baki, til að stjórna og fara með vandasömum hlutverkin. Egill Bjarnason og Júlíus Daniellsson þýddu óperettuna.

Hljómsveitarstjóri verður Bandaríkjamadurinn Saul Schechman, hefur hann stjórnað mörgum óperettum í heimalandi sínu, m. a. nokkrum á Broadway. Hann er nú hljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í New Jersey.

Sænska óperu- og óperettusöngkonan Ulla Sallert fer með aðalhlutverkið. Reykjavík er 6. höfuðborgin, sem hún syngur þetta hlutverk í. Ulla Sallert stundaði nám við Tónlistarskólann í Stokkhólmi. Að loknu prófi þar fékk hún styrk til framhaldsnáms, stundaði hún það í Róm. Hún sló fyrst í gegn þegar hún söng aðalhlutverkið í óperettunni Oklahoma í Malmö fyrir nokkrum árum. Síðan hefur hún sungið mörg aðalhlutverk í mörgum óperettum og nýtur mikilla vinsælda. Ulla Sallert hefur gert



Ulla Sallert, söngkona.

ettunni 20 ballettdansarar og 20 manna kór. Hljómlistin er flutt af Sinfóníuhljómsveitinni. Alls taka um 90 manns þátt í óperettuflutningnum. Óperettan verður flutt á íslensku, nema Ulla Sallert syngur á sænsku.

Kysstu mig Kata verður sýnd fram í júnílok.

### Listiðnaður

Framhald af 12. síðu.

listiðnað hérlandis og erlendis vill félagið stuðla að aukinni sölu á hvers konar innlendum listiðnaði. — Stjórn félagsins íslenskr listiðnað skipa: Lúdvíg Guðmundsson skólastjóri, formaður; Sveinn Kjarval húsgagnaarkitekt, varaformaður; Björn Th. Björnsson listfræðingur, ritari; Ragnar Jónsson hrl., gjaldkeri og Þorleifur Kistófersson teiknari, meðstjórnandi. Umsókn um inn-töku í félagið er veitt móttaka á skrifstofu gjaldkera, Laugavegi 8.

#### VEGLEG VIÐKYNNING.

Frá því félagið var stofnað hefur það tekið þátt í þremur listiðnaðarsýningum erlendis með góðum árangri. Vorið 1955 tók það þátt í alþjóðlegri listiðnaðarsýningu, sem árlega er haldin í München. Öðru sinni tók það þátt í sömu sýningu vorið 1956. Var sú sýning fjölbreytileg og vakti verðskuldaða athygli og þá hlöðnaðist Íslandi sá heiður, að einn af sýndendum, frú Ásgerður E. Búa-dóttir, hlaut hina veglegustu viðurkenningu: gullverðlaun ríkisstjórnar Bæjarlands fyrir listofið veggklæði. Íslenska prjónlesið vakti hvað mesta athygli almennt, en ein kona hefur verið í fararbroddi um framleiðslu þess. Frú Þórdís Egilsdóttir á Ísafirði, em bjó hið fagra herðajal, sem íslenskar kour gáfu anadrottningu á sínum tíma. Loks má þess geta, að Íslenskr listiðnað tók þátt í gull- og silfursmíðasýningu, sem haldin var í Augsburg haustið 1956.

Þeir, sem óska eftir að taka þátt í sýningunni, eru beðnir að hafa samband við einhvern úr dómnefndinni hið allra fyrsta og eigi síðar en 4. júní n. k.



Svend Bunch, ballettmeistari.

riður er aðeins 17 ára gömul, er hún að ljúka prófi úr leikskóla Þjóðleikhússins í dag. — Ævar Kvaran og Bessi Bjarnason. Minni hlutverk eru mörg. Auk þeirra koma fram í óper-

## Útvarp Reykjavíkur

#### Dagskráin í dag:

12.50—14.00 „Við vinnuna“: — Tónleikar af plötum.  
19.00 Þingfréttir.  
19.30 Tónleikar: Óperulög — (plötur).  
20.00 Fréttir.  
20.30 Lestur fornrita: Hænsna-Þóris saga; II. (Guðni Jónsson prófessor).  
20.55 Einleikur á píanó: Gísli Magnússon leikur.  
21.30 Þýtt og endursagt: „Undrið okkar“, frásaga Marie de Vrahnos (Ævar Kvaran leikari).  
21.50 Tónleikar (plötur).  
22.00 Fréttir.  
22.10 Hugleiðingar um fiskveiðar og hafrannsóknir (Ingvar Hallgrímsson fiskifræðingur).  
22.25 Frá Félagi ísl. dægurlaga-höfunda: Lög úr dægurlaga-keppni félagsins. Hljómsveit Aage Lorange leikur. Söngfólk: Didda Jóns og Ragnar Halldórsson.  
23.05 Dagskrárlök.

#### Dagskráin á morgun:

12.50—14.00 „Á frívaktinni“, — sjómannaþáttur (Guðrún Er-lendsdóttir).  
19.00 Þingfréttir.  
19.30 Tónleikar: Harmonikulög (plötur).  
20.00 Fréttir.  
20.30 Erindi: Hátíðanöfn á vori (Árni Björnsson stud. mag.).  
20.55 Tónleikar (plötur).  
21.15 Upplæstur: Steingerður Guðmundsdóttir leikkona les kvæði eftir Tómas Guðmundsson.  
21.30 Tónleikar (plötur).  
21.45 Íslenskt mál (Ásgeir Blöndal Magnússon kand. mag.).  
22.00 Fréttir.  
22.10 Erindi með tónleikum: — Jón G. Þórarinnsson organleikari talar um bandaríska nútímatónlist.  
23.00 Dagskrárlök.